

LÖG

um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (innri endurskoðun, meðferð framlags til starfsendurhæfingar, form og efni fjárfestingarstefnu, leyfilegur munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga o.fl.).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá er ráðherra heimilt að kveða í reglugerð nánar á um þau atriði sem eiga samkvæmt lögum þessum að koma fram í reglum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað.

2. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. júlí“ í 3. mgr. 24. gr. laganna kemur: 15. maí.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

- a. 2. másl. fellur brott.
- b. Á eftir orðinu „endurskoðanda“ í 3. másl. kemur: aðila sem annast innri endurskoðun.

4. gr.

2. tölul. 3. mgr. 29. gr. laganna orðast svo: að ákveða hvernig innri endurskoðun skuli háttað, annaðhvort með því að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila.

5. gr.

Í stað orðanna „innra eftirlit“ í 1. og 2. másl. 1. mgr. 34. gr. laganna kemur: innri endurskoðun.

6. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Rekstur, innra eftirlit og innri endurskoðun.**

7. gr.

2. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra setur reglugerð um form og efni fjárfestingarstefnu skv. 36. gr. og 36. gr. a og
úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.

8. gr.

3. málsl. 6. mgr. 40. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:
a. Orðin „og innra eftirliti, sbr. 35. gr.“ í 2. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „VII. kafla laga um ársreikninga“ í 3. mgr. kemur: IX. kafla laga um
ársreikninga.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VI í lögnum:
a. Á undan ártalinu „2011“ í 2. mgr. koma ártölin: 2008, 2009, 2010.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Prátt fyrir ákvæði 2. másl. 2. mgr. 39. gr. og með vísan til 2. mgr. þessa ákvæðis er
lífeyrissjóði heimilt að hafa meira en 10% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbind-
inga samfellt í allt að sex ár frá og með árinu 2008.

11. gr.

Í stað orðanna „og 2015“ í ákvæði til bráðabirgða XV í lögnum kemur: 2015, 2016 og
2017.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. september 2013.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Einar K. Guðfinnsson. Markús Sigurbjörnsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.